

Breytingartillaga

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2005.

Frá Jóni Bjarnasyni og Guðjóni A. Kristjánssyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
<i>Breytingar á sundurliðun 2:</i>			
Við 02-299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi			
1.92 Háskóli Vestfjarða, undirbúningur	0,0	25,0	25,0

Greinargerð.

Umfangsmikið símenntunar- og háskólastarf er nú í uppbyggingu á Ísafirði og vinnur Fræðslumiðstöð Vestfjarða, ásamt öðrum heimaaðilum, gott brautryðjendastarf. Háskólinn á Akureyri, Háskóli Íslands og Kennaraháskólinn hafa unnið ótullega að því að bjóða fram háskólanám með fjarkennslu.

Á Ísafirði eru miklir möguleikar til að mynda sterka kennslustofnun sem mótar sérstöðu sína á grundvelli atvinnulífs og framtíðarmöguleika svæðisins. Hún tekur jafnframt að sér og stýrir rannsóknum, vöktun og nýtingu á fjölbreyttum náttúruauðlindum Vestfjarða og hafinu umhverfis. Miðstöð veiðarfærarannsókna og kennsla í gerð og notkun veiðarfæra væri vel staðsett á Ísafirði svo dæmi sé nefnt. Reynslan hefur sýnt að litlar stofnanir í sterkum og nánnum tengslum við auðlindir, atvinnulíf og menningu heimahéraðs geta orðið öflugar ef þær fá til þess sjálfræði og stuðning. Heimamenn hafa unnið ítarlegar tillögur og áætlanir um verkefni og áherslur í starfi hins nýja skóla og hver skulu vera fyrstu skrefin. Hér er lagt til að Háskóli Vestfjarða á Ísafirði fái sérstakan fjárlagalið og fjármagn þannig að vinna að stofnun skólans geti haldið áfram af fullum krafti með það að markmiði að fyrstu nemendur skráist í skólann haustið 2005.